

Hljóðbókasafn Íslands
02 909

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Hljóðbókasafn Íslands
kt. 650183-0459
Digranesvegi 5, 200 Kópavogi

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hljóðbókasafn Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um bókasöfn nr. 150/2012.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 149,9 milljónir og afkoma kr. 7,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 13,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 27,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hljóðbókasafns Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hljóðbókasafns Íslands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Marín Guðrún Hrafnisdóttir,
forstöðurmaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	132.000.000	125.200.000
Seld þjónusta	3	16.287.500	14.664.500
Framlög og ýmsar tekjur	4	248.366	957.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	1.346.505	2.052.389
Tekjur samtals		<u>149.882.371</u>	<u>142.873.889</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	57.420.381	61.860.290
Annar rekstrarkostnaður	6	83.324.628	73.444.326
Afskriftir	7	1.346.505	2.052.389
Gjöld samtals		<u>142.091.514</u>	<u>137.357.005</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		7.790.857	5.516.884
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(11.251)	(16.624)
		<u>(11.251)</u>	<u>(16.624)</u>
Afkoma ársins		<u>7.779.606</u>	<u>5.500.260</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	7.779.606	500.260
Rekstrartilfærslur		0	5.000.000
		<u>7.779.606</u>	<u>5.500.260</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		3.338.939	3.344.788
Farartæki og vélar		283.584	324.096
Fastafjármunir samtals		<u>3.622.523</u>	<u>3.668.884</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		102.359	0
Tengdir aðilar	9	22.127.993	16.021.758
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	395.915	0
Handbært fé		1.195.224	1.164.352
Veltufjármunir samtals		<u>23.821.491</u>	<u>17.186.110</u>
Eignir samtals		<u>27.444.014</u>	<u>20.854.994</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		12.999.748	5.630.306
Eigið fé samtals		<u>12.999.748</u>	<u>5.630.306</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	482.793	518.965
Viðskiptaskuldir		3.363.820	3.226.810
Ýmsar skammtímaskuldir	12	4.791.509	6.326.264
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	5.806.144	5.152.649
Skuldir samtals		<u>14.444.266</u>	<u>15.224.688</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>27.444.014</u>	<u>20.854.994</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		7.779.606	5.500.260
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	1.346.505	2.052.389
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(1.346.505)	(2.052.389)
		<u>7.779.606</u>	<u>5.500.260</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(498.274)	0
Tengdir aðilar		(5.442.551)	(1.471.550)
Skammtímaskuldir		(1.397.745)	(3.301.422)
		<u>(7.338.570)</u>	<u>(4.772.972)</u>
		<u>441.036</u>	<u>727.288</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(1.300.144)	(416.235)
		<u>(1.300.144)</u>	<u>(416.235)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins			
Tengdir aðilar		(410.164)	0
Fjárfestingarframlag		(699.856)	(1.483.765)
		<u>2.000.000</u>	<u>1.900.000</u>
		889.980	416.235
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		30.872	727.288
		<u>1.164.352</u>	<u>437.064</u>
		<u>1.195.224</u>	<u>1.164.352</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynt annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	132.000.000	125.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	1.346.505	2.052.389
	<u>133.346.505</u>	<u>127.252.389</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	132.000.000	0	0	132.000.000
Fjárveiting til tekna	132.000.000	0	0	132.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum .	(124.220.394)	0	0	(124.220.394)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	7.779.606	0	0	7.779.606

	2019	2018
3 Seld vara og þjónusta		
Verksala	2.000	0
Ýmsar þjónustutekjur	16.285.500	14.659.000
Vörusala I	0	5.500
	<u>16.287.500</u>	<u>14.664.500</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	248.366	957.000
	<u>248.366</u>	<u>957.000</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	47.225.015	48.939.055
Orlof, breyting	(1.247.707)	369.927
Launatengd gjöld	10.926.617	11.559.734
Starfsmannakostnaður	516.456	991.574
	<u>57.420.381</u>	<u>61.860.290</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	6	7
------------------------------	---	---

6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	5.288.167	5.182.443
Byggingarvörur, almennar	1.790	0
Ýmis tæki og áhöld	1.019.414	530.170
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	11.082
Orkugjafir	716.259	875.211
Matvæli	1.489.659	1.506.904
Almennar rekstrarvörur	127.994	101.406
Vörukaup, almenn	<u>8.643.283</u>	<u>8.207.216</u>

Skýringar

	2019	2018	
6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)			
Kennslu- og föndurvörur	0	74.640	
Ýmsar sérgreindar vörur	1.515.617	336.595	
Vörukaup, sérgreind	1.515.617	411.235	
Fundir, námskeið, risna	914.948	690.441	
Ferðir, uppihald	970.688	1.430.879	
Akstur	185.178	221.343	
Sérfræðiþjónusta	46.524.260	41.249.239	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	743.273	633.163	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	394.291	147.540	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.114.781	1.528.766	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	50.847.419	45.901.371	
Afnotagjöld	8.781.010	9.447.032	
Leigugjöld	12.235.824	8.040.208	
Notkun véla og flutningatækja	0	31.000	
Verkkaup	1.171.519	1.013.288	
Kostnaðarhlutdeild	99.427	351.781	
Áhættutap og bætur	0	35.195	
Opinber gjöld	529	0	
Tilfærslur	30.000	6.000	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	22.318.309	18.924.504	
Annar rekstrarkostnaður samtals	83.324.628	73.444.326	
7 Afskriftir			
Áhöld, tæki og búnaður	1.305.993	2.011.877	
Farartæki og vélar	40.512	40.512	
	1.346.505	2.052.389	
8 Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	3.338.939	3.344.788	
Farartæki og vélar	283.584	324.096	
	3.622.523	3.668.884	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019	19.506.074	405.120	19.911.194
Viðbætur á árinu	1.300.144	0	1.300.144
	20.806.218	405.120	21.211.338
Afskriftir 1.1.2019	16.161.286	81.024	16.242.310
Afskrift ársins	1.305.993	40.512	1.346.505
	17.467.279	121.536	17.588.815
Staða 31.12.2019	3.338.939	283.584	3.622.523

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
9 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	22.127.993	11.193.354
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	4.828.404
	<u>22.127.993</u>	<u>16.021.758</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	482.793	518.965
	<u>482.793</u>	<u>518.965</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	5.630.306	130.046
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(410.164)	0
Afkoma ársins	<u>7.779.606</u>	<u>5.500.260</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>12.999.748</u>	<u>5.630.306</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlit um breytingar á eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

12 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof	4.394.900	5.642.607
Ógreidd laun	151.900	0
Önnur ógreidd gjöld	<u>244.709</u>	<u>683.657</u>
	<u>4.791.509</u>	<u>6.326.264</u>

Skýringar

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	3.622.523	3.668.884
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	2.183.621	1.483.765
	<u>5.806.144</u>	<u>5.152.649</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestingafjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	3.668.884	1.483.765	5.152.649
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	2.000.000	2.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.300.144	(1.300.144)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(1.346.505)</u>	<u>0</u>	<u>(1.346.505)</u>
	<u>3.622.523</u>	<u>2.183.621</u>	<u>5.806.144</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 1,2 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsaleigu, þjónustusamninga og aðra samninga. Greiðslur vegna húsaleigu munu nema 12,6 m.kr., vegna þjónustusamninga 9,2 m.kr. og vegna annarra samninga 1,1 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.